

Reglur um þáttöku SFÍ á heimsmeistarmóti ISDS (samþykktar á aðalfundi 2017)

Rétturinn til að keppa fyrir hönd Íslands á heimsmeistaramóti BC smalahunda ræðst af árangri í keppni í A-flokki á síðasta landsmóti fyrir heimsmeistaramótið. Rétturinn rennur til efstu sætanna en heltist einhver úr lestinni gengur rétturinn áfram til þeirra keppanda í A-flokki sem röðuðu sér í næstu sæti á eftir í réttri röð með eftirfarandi takmörkunum:

1. Aðeins félagar í Smalahundafélagi Íslands með hunda skráða hjá Smalahundafélagi Íslands geta verið fulltrúar félagsins.
2. Hafi stjórn upplýsingar um að keppandi sæti rannsókn yfirvalda um dýravelferð vegna gruns um illa meðferð á dýrum getur viðkomandi ekki verið fulltrúi félagsins á heimsmeistaramótum fyrir en málinu er lokið og keppandinn hreinsaður af grun.

Endanleg ákvörðun stjórnar um hverjir fara út fyrir Íslands hönd skal í samræmi við ofangreindar reglur liggja fyrir í síðasta lagi 15. nóvember árið á undan komandi heimsmeistarmóti.

Þeir keppendur sem fara út fyrir Íslands hönd geta skráð til vara annan hund en þann sem þeir kepptu með. Sá hundur hundur öðlast keppnisrétt ef sá fyrri dettur úr leik af óviðráðanlegum orsökum. Er litið svo á að smalinn hafi unnið sér inn keppnisrétt.

SFÍ styrkir keppendur um upphæð sem stjórn Smalahundafélags Ísland ákveður í hvert skipti.